

FUNDARGERÐ

Nefnd:	Starfsmatsnefnd
Efni:	<i>140. fundur starfsmatsnefndar</i>
Viðstaddir:	Helga Björg Ragnarsdóttir; Krístrún Einarsdóttir; Halldóra Gunnarsdóttir; Ragnar Ólason; Halldór Gunnarsson; Skúli Sigurðsson; Sigríður Bjarnadóttir; Auður Lilja Erlingsdóttir; Steinvör Laufey Jónsdóttir
Fundardagur:	20/05/2014
Tími:	10:00 - 11:30
Fundarstaður:	Bárubúð, Ráðhúsi Reykjavíkur

140. fundur Starfsmatsnefndar haldin í Bárubúð, Ráðhúsi Reykjavíkur

Þriðjudaginn 20.05.2014 og hófst hann kl. 10.00.

Mætt af hálfu stéttarfélaganna: Ragnar Ólason (Eflingu), Halldór Gunnarsson (StRv), Skúli Sigurðsson (VSSI) Sigríður Bjarnadóttir (SBU) og Anna Lilja Magnúsdóttir (BHM).

Mætt af hálfu Rvk: Helga Björg Ragnarsdóttir og Krístrún Einarsdóttir.

Halldóra Gunnarsdóttir Jafnréttisráðgjafi.

Starfsmenn Starfsmats: Auður Lilja Erlingsdóttir og S. Laufey Jónsdóttir.

Fundargerð samþykkt og fyrirtekið:

I. Ný framlögð tillaga að endurmati á starfi.

Mál nr. 2013-105 Endurmat nr. 2013-169 USK1768aðstoðarverkstjóri – dráttarvéladeild. Afgreiðslu frestað. Skúli Sigurðsson fulltrúi Verkstjórafélags Reykjavíkur sat fundinn.

II. Áður framlögð tillaga að endurmati.

Mál nr. 2013-97 Endurmat nr. 2013-163 MOF6500/8590deildarþókbókavörður. Tillaga að endurmati 526 stig. Afgreiðsla samþykkt. Sigríður Bjarnadóttir fulltrúi Stéttarfélags bókasafns og upplýsingafræðinga sat fundinn.

III. Mat á nýju starfi í vinnslu nefndar.

Mál nr. 2013-102 SPR6100teymisstjóri þjónustuværs. Tillaga að mati 469 stig. Afgreiðsla samþykkt.

IV. Starfsreglur starfsmatsnefndar.

Eru enn í vinnslu. Til að flýta fyrir afgreiðslu mála sem hafa verið á bið í starfsmatinu vegna afgreiðslu fjölskipaðar félagsaðildar lagði Helga Björg fram eftirfarandi tillögu.

Lagt er til að starfsmatsnefnd taki til meðferðar beiðnir um mat og endurmat á störfum sem hafa verið á bið vegna fjölskipaðrar félagsaðildar. Við afgreiðslu slíkra mála skuli fastir fulltrúar félaga í nefndinni hafa atkvæðisrétt en fulltrúar þeirra félaga sem aðild eiga að störfum til umfjöllunar skulu eiga áheyrnarfulltrúa á fundum. Fundir þar sem störf með fjölskipaða félagsaðild eru til umfjöllunar skulu vera skipulagðir með það í huga að

fastafulltrúar í nefndinni og fulltrúar stéttarfélög sem aðild eiga að störfunum geti viðhaft samráð um afgreiðslu mála.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

V. Önnur mál.

Helga Björg fór yfir stöðu mála varðandi vinnu við uppfærslu og endurskoðun á starfsmatskerfinu og fyrirhuguð verkefni í framhaldi af þeirri vinnu bæði hjá fagsviðum borgarinnar og starfsmatsnefnd.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið kl.11.30.

Næsti fundur nefndar er þriðjudaginn 3 júní 2014. kl. 10.00. í Vonarstræti 4. 3 hæð.

Ath: Niðurstöður Starfsmatsnefndar á mati starfa eru sendar til launadeildar og starfsmannastjóra viðkomandi sviða og birtar á heimasíðu Reykjavíkurborgar við fyrsta tækifæri.